

# HÚSÖNDIN

11.tbl. 3.árg.  
18. mars 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 19.-25. MARS

- 19.3. Steingrímur Örn Kristjánsson, Júlía Ester Ásgeirsdóttir Muller  
Katla Böðvarsdóttir
- 21.3. Þórhalla Valgeirsdóttir, Sýlvía Halldórsdóttir
- 25.3. Jörgen Þorbergur Ásvaldsson



SNOW DOGS



ICELAND

Getum bætt við okkur  
málningarvinnu.  
Seljum gæðamálningu frá  
Slippfélaginu á frábærum  
kjörum. Upplagt að nýta  
ástandið í að mála heima :)



— 1902 —

info@snowdogs.is

Tveir fyrir einn í  
hundasleðaferðum og  
snjósleðaferðum út apríl.

Sæmundur 840 6466  
Bergþóra 847 7199

# Tilkynning til íbúa Skútustaðahrepps vegna samkomubanns



Ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir skynsamleg og yfirveguð viðbrögð í starfsemi sveitarfélagsins að undanförunu vegna kovid 19 veirunnar. Þetta eru fordæmalausir tímar en við skulum hlúa að okkur sjálfum og okkar nánustu.

Í þeim samfélagslegu aðstæðum sem nú eru leggur Skútustaðahreppur höfuðáherslu á að fylgja í einu og öllu fyrirmælum opinberra aðila sem stýra aðgerðum til varnar útbreiðslu COVID veirunnar.

Stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins hafa undirbúið viðbrögð í starfsemi stofnana við samkomubanninu sem tók gildi s.l. mánudag vegna Covid19. Upplýsingarnar má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Ljóst er að starfsemi og þjónusta sveitarfélagsins verður með breyttu sniði næstu fjórar vikurnar. Rétt er að taka fram að breytingar á starfseminni geta verið gerðar með afar skömmum fyrirvara og verða þá tilkynntar á heimasíðu sveitarfélagsins og stofnunum þess.

Allir íbúar eru hvattir til að leita almennra upplýsinga um faraldurinn og viðbrögð við honum inni á [www.covid.is](http://www.covid.is) – þar er að finna allar nauðsynlegar upplýsingar sem gilda næstu fjórar vikurnar.

Þorsteinn Gunnarsson  
sveitarstjóri



## Vorfagnaði aflýst

Karлакórinn Hreimur

Vegna samkomubanns hefur Vorfagnaði sem vera átti þann 28. mars verið aflýst.  
Karlakórinn Hreimur

Jarðböðin eru hætt að bjóða upp  
á kótilettur, vegna Covid-19.  
Vinsamlegast látið berast.

Kær kveðja úr Jarðböðunum

